

Fréttabréf um skattamál
Skatta- og lögfræðisvið



Tengiliður:
Vala Valtýsdóttir
Vala.valtysdottir
@deloitte.is

Ákærvaldið
(Helgi Magnús
Gunnarsson
saksóknari) gegn J
(Ragnar
Aðalsteinsson hrl.),
H (Kristinn
Bjarnason hrl.), R
(Ragnar Halldór Hall
hrl.), og S (Gestur
Jónsson hrl.)

*Álagsbeiting –
refsing – ekki hægt
að refsa fyrir sömu
háttsemi tvisvar*

Punkturinn

1.tbl., febrúar 2009

Skattalagabrot - frávisun

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 2008 í máli nr. S-953/2008:

Málið var tekið til úrskurðar um frávisunarkröfu J, HJ, R og S, sem ákærðir voru fyrir meiri háttar skattalagabrot. Ákærðu voru taldir hafa persónulega vantalið eigin tekjur í skattskilum og einnig brotið gegn skattalögum í störfum sínum fyrir N og þrjú önnur tengd félög þess, meðal annars vantalið launagreiðslur og staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frávisunarkrafa J, H, R og S byggði á því að verið væri að ákvarða ákæru refsingar á ný fyrir háttsemi sem þeim hafi þegar verið refsað fyrir með álagningu 25% álags á skattstofna og að þeir sæti endurtekinni opinberri rannsókn vegna sömu sakarefna.

Krafa S byggði hins vegar á að mál hans hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma. Loks byggðu allir ákærðu á því í þriðja lagi að þeir hafi ekki við rannsókn og meðferð málsins notið reglunnar um að teljast saklaus uns sekt hafi verið sönnuð.

Ákærðu, J, H og R, vísuðu varðandi kröfu sína í dóma Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að refisákvörðun skattfyrivalda um skattálag eins þeir hinir ákærðu sættu telst vera refsing í skilningi Mannréttindasáttmála Evrópu. Héraðsdómur vísaði í 4. gr. 7. viðauka við sáttmálann þar sem kveðið er á um að enginn skuli sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis. Af álagsbeitingu samkvæmt 108. gr. laga nr. 90/2003 og refsíákvæði 109. gr. sömu laga, sagði dómurinn að draga mætti þá ályktun að álagsbeiting skattstjóra sé sambærileg við eðli refsikenndra viðurlaga sem ætlað er að hafa almenn og sérstök varnaðaráhrif gagnvart framtalsskyldum aðilum. Álagsbeitingin teldist því til refsivíðurlaga innan

Glitnir Banki hf.
(Hólmfríður
Kristjánsdóttir hdl.)
gegn Íslenska ríkinu
(Sigurður Gísli
Gíslason hdl.)

*Samrunar félagi –
eðlilegt gagngjald
við samruna*

gildissviðs 4. gr. 7. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu og ekki hægt að refsfa J, H, og R fyrir sömu háttsemi á ný. Var úrskurðurinn sá sami hvað varðaði persónulegu framtöl þeirra og starfsemi fyrir N og tengd félög og ákærunum því vísað frá dómi.

Héraðsdómur hafnaði frávísunarkröfu í máli S, jafnvel þótt talið væri að meðferð á máli hans hefði dregist lengur en almennt þekkist við meðferð sakamála.

Úrskurður héraðsdóms var kærður af ákæruvaldinu til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar nr. 4/2009 frá 19. janúar 2009 var málinu vísað frá Hæstarétti þar sem ákæruvaldið hafði hvorki greint frá dómkröfum sínum né greint frá því í hvaða skyni kært væri, líkt og áskilið er í 3. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Héraðsdómurinn stendur því enn.

Skattalegur samruni eða slit félags

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. desember 2008 í máli nr. E-16/2008:

Í málinu krafðist Glitnir banki hf. þess að felldur yrði úr gildi úrskurður ríkisskattstjóra frá 28. desember 2006 og viðbótarálagning opinberra gjalda stefnanda að fjárhæð kr. 589.073.851. Ríkisskattstjóri hafði úrskurðað að samruni bankans við FF hf. hefði ekki farið fram á grundvelli 51. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Skattskil FF hf. bæri því að fara með eins og um slit félagsins hefði verið að ræða en ekki skattalegan samruna. Ríkisskattstjóri byggði meðal annars á þeirri málsástæðu að aðeins mánuður hafi liðið frá uppkaupum stefnanda á öllu hlutfé í FF þar til félögin voru sameinuð. Líta yrði á það sem eitt ferli í samræmi við skattaframkvæmd, allt frá því að stefnandi keypti allt hlutfé í FF og þar til stefnandi og FF hf. voru sameinuð 1. janúar 2004.

Dómurinn taldi að Glitni hefði verið heimilt að færa eignir og skuldir FF hf. yfir til bankans á bókfærðu verði og nýta sér yfirfæranlegt tap FF hf., enda fékk bankinn það sem gagngjald fyrir hlut sinn í FF hf. Slíkt jafngildi því að stefnandi hafi, sem hluthafi allra hluta í FF hf., eingöngu fengið hlutabréf í Glitni banka hf. sem gagngjald fyrir hlutfé sitt í félaginu sem var slitið. Gagngjaldsskilyrðum 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga hafi því verið fullnægt og stefnanda heimilt að nýta sér yfirfæranlegt skattlegt tap FF hf, sbr. 54. gr. sömu laga. Dómurinn taldi engu breyta í þessu sambandi þótt vísað sé til skattaframkvæmdar af hálfu stefnda fyrir því að líta beri heildstætt á viðskiptin með hlutféð í FF hf. enda styðist hún ekki við viðhlítandi lagaheimildir. Þar með bæri ekki að færa til tekna hagnað af sölu hlutabréfanna í FF hf. og hagnað af sölu varanlegra rekstrarfjármuna líkt og fram kom í úrskurði ríkisskattstjóra. Úrskurðurinn þótti ekki byggður á réttum forsendum og var felldur úr gildi. Íslenska ríkið var dæmt til að endurgreiða Glitni banka hf. fjárhæðina sem greidd var samkvæmt úrskurðinum ásamt vöxtum og dráttarvöxtum.

Impregilo S.p.A.,
útibú á Íslandi
(Garðar
Valdimarsson hrl.)
gegn íslenska
ríkinu (Guðrún M.
Árnadóttir hrl.)

*Endurgreiðsla
öfgreiddrar
staðgreiðslu*

Stjórnumlíkk ehf.
Garðar
Valdimarsson hrl.)
gegn Íslenska ríkinu
(Óskar Thorarensen
hrl.)

*Hver er
launagreiðandi –
skilaskylda
staðgreiðslu af
launum*

Ofgreidd staðgreiðsla

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. desember 2008 í máli nr. E-666/2008:

Málið var höfðað vegna niðurstöðu í dómi Hæstaréttar frá 20. september 2007, Impregilo SpA, útibú á Íslandi gegn íslenska ríkinu. Impregilo, stefnandi í máli þessu, hafði verið sýknað um kröfu um að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna starfsmanna sem störfuðu á vegum portúgalskrar starfsmannaleigu. Þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar hafði íslenska ríkið hafði ekki fallist á endurgreiðslu öfgreiddrar staðgreiðslu sem stefnandi hafði greitt Tollstjóranum í Reykjavík.

Héraðsdómur staðfesti að umræddar greiðslur stefnanda var lögboðin staðgreiðsla sem honum bar ekki að greiða heldur var skyldaður til af skattfyrirvöldum án lagaheimildar. Íslenska ríkið var því dæmt til að endurgreiða það sem oftekið var. Kröfur stefnanda þóttu vel rökstuddar og því tekur til greina eins og þær voru framsettar ásamt vöxtum. Krafa var einnig látin bera dráttarvexti, skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 25. október 2007 þegar kröfubréf lögmans stefnanda var móttekið hjá fjármálaráðuneytinu.

Skilaskylda staðgreiðslu

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. janúar 2009 í máli nr. E-936/2007:

Málið varðaði úrskurð skattstjórans í Reykjanessumdæmi 13. desember 2005 um að stefnanda bæri að greiða staðgreiðslu og tryggingargjald vegna launa portúgalskra starfsmanna portúgalskrar starfsmannaleigu. Dómur í málinu var kveðinn upp 6. maí 2008 en hann var ómerktur í Hæstarétti 19. desember 2008 og málinu var því vísað heim í hérað til munnlegs málf lutnings og uppsögu dóms að nýju.

Héraðsdómur taldi að viðhlítandi lagastoð skorti fyrir úrskurði skattstjóra þann 13. desember 2005 þar sem skylda var lögð á stefnanda að innheimta og skila staðgreiðslu af þóknun sem stefnandi greiddi erlendri starfsmannaleigu.

Dómurinn byggði niðurstöðu sína meðal annars á dómi Hæstaréttar í máli nr. 523/2006 frá 20. september 2007 og féllst á það með stefnanda að hann teldist ekki vera launagreiðandi hinna portúgölsku starfsmanna er málið varðaði í skilningi laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingargjald, tekur gjaldskyldan til launagreiðanda eða milligöngumanns á sama hátt og fram kemur í lögum nr. 45/1987. Stefnandi var því ekki skylt að innheimta staðgreiðslu af greiddum launum þeirra eða standa skil á greiðslu tryggingagjalds og var úrskurður skattstjórans í Reykjanessumdæmi frá 13. desember 2005 í máli stefnanda felldur úr gildi.

V gegn (Guðni Áspór Haraldsson hrl.) gegn Þ, B, H, J, K, P og S (Ólafur Eiríksson hrl.).

Skaðabætur - brot á jafnræði milli hluthafa

Finnsk skattalöggjöf – staðgreiðsla á arðgreiðslum til félags í Lúxemborg – ójafnræði skattalegrar meðferðar

Brot á jafnræði hluthafa

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. janúar 2009 í máli nr. E-4033/2008:

Málið varðaði hluthafa sem stefndi stjórn Glitnis banka hf. vegna starfsloka fyrrum forstjóra bankans, Bjarna Ármannssonar. Á aðalfundi Glitnis þann 20. febrúar 2007 hafði verið samþykkt tillaga sem veitti stjórninni heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Kaupverðið skyldi vera lægst 10% og hæst 10% hærra en skráð kaup- eða sölugengi í Kauphöll Íslands. Á fundinum var einnig samþykkt tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans til samræmis við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þar kom fram að heimilt væri að veita forstjóra greiðslur við starfslok til viðbótar við föst laun, árangurstengdar kaupaugagreiðslur og starfsfríðindi. Í starfskjarastefnunni var að finna eftirfarandi ákvæði: „Greiðslur til stjórnenda við starfslok skulu að jafnaði einungis byggjast á viðeigandi ráðningarsamningi. Bankanum er þó heimilt við sérstakar aðstæður, ef slík ráðstöfun er í þágu bankans, að gera sérstaka starfslokasamninga við stjórnendur.“

Þann 30. apríl 2007 tók stjórnin þá ákvörðun að samþykkja samning um kaup á hlutum Bjarna Ármannssonar í bankanum. Kaupverð á hlut var 29 kr. Meðalverð á hlut var skráð 26.66 kr. þennan dag í Kauphöll Íslands.

Stefnandi var einnig hluthafi í Glitni banka hf. og höfðaði mál á grundvelli þess að jafnræðisregla félagaréttar hafi verið brotin, sem aftur leiddi til skaðabótaskyldu. Stefnandi gerði þá kröfu að sér yrðu greiddar tæpar tvær milljónir króna. Héraðsdómur féllst á kröfur stefnanda.

Finnsk skattalöggjöf – staðgreiðsla á arðgreiðslum

Evrópudómstóllinn: Abardeen Property Fininvest Alpha málið (C-303/07) – álit aðallögræðismanns.

Lögræðismaðurinn miðaði álit sitt við 43. gr. Evrópusáttmálans (félagafrelsi) og einnig 56. gr. sáttmálans (frjálst flæði fjármagns), en hann tók það fram að hvað niðurstöðu málsins varðaði skipti litlu máli hvort það væri metið með tilliti til félagafrelsis eða frjáls flæðis fjármagns.

Samkvæmt finnskum lögum er arðgreiðsla frá finnsku félags til annars finnsks félags skattfrjálst með ákveðnum undantekningum. Hins vegar eru arðgreiðslur til erlendra félaga staðgreiðsluskattskyldar. Í samræmi við móður- og dótturfélagatilskipunina eru félög stofnuð í öðru Evrópusambandsríki sem eiga lágmarkshlut í finnsku félagi, einnig óskattskyldar.

Fjárfestingafélag (SICAV) staðsett í Lúxemborg er eini hluthafi í finnsku dótturfélagi sínu, Aberdeen Property Fininvest Alpha Oy. SICAV er ekki viðurkennt félagafarm í finnskum landslögum og ekki heldur í dóttur- og móðurfélagatilskipuninni

(90/435/EB). Því voru arðgreiðslur hins finnska félags til útlensks móðurfélags þess skattlagðar í staðgreiðslu, án tillits til þess að tekjur hins útlenska móðurfélags eru undanþegnar skattlagningu í Lúxemborg.

Lögræðismaðurinn tók fram að samkvæmt dómafordæmum Evrópudómstólsins væri mismunun fyrir hendi þegar (i) mismunandi reglur er beitt við sambærileg tilvik eða (ii) þegar sömu reglu er beitt við mismunandi tilvik. Hann skoðaði því hvort félögin, hið finnska dótturfélag og erlenda móðurfélagið í Lúxemborg, væru sambærileg. Hann komst að þeirri niðurstöðu að svo lengi sem aðildarríki beiti skattalögsögu sinni á erlenda aðila og leggur skatta ekki aðeins á innlenda hluthafa heldur einni erlenda hluthafa hvað arðgreiðslur varðar frá innlendum félögum, þá væru félögin sambærileg. Vísaði hann um þetta í Amurta-dóminn, nr. C-379/05.

Hin finnska löggjöf um arðgreiðslur miðaði að því að nema brott tvískattlagningu arðs í efnahagslegu tilliti með undanþágu, en aðallögræðismaðurinn sagði að sú undanþága þyrfti þar af leiðandi einnig að ná til erlendra aðila innan Evrópusambandsins.

Sambærilegar reglur eru gildandi í tekjuskattslögum hér á landi, bæði er varðar staðgreiðslu og skatt á söluhagnað félaga. Væru þær því líklega dæmdar ósambærilegar EES-reglum.

Iðnaðarmálagjald

Iðnaðarmálagjald fyrir Mannréttindadómstóll Evrópu

Fallið hafa tveir hæstaréttardómar í málum þar sem einstaklingar í iðnaði utan Samtaka iðnaðarins kröfðust þess að álagning iðnaðarmálagjalds yrði felld úr gildi, eða fyrst árið 1998 og svo árið 2005. Í hvorugt skipti var fallist á kröfuna en í kjölfarið á seinni dómnum, eða þann 16. maí 2006, bar félagi í Meistarafélagi húsasmiða málið undir Mannréttindadómstól Evrópu.

Í kærinni var í fyrsta lagi vísað til 9., 10. og 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, þar sem álagning gjaldsins væri ekki til þess að uppfylla lögmæt markmið og væri ekki nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Þá væri álagning gjaldsins brot á 1. gr. Samningsviðauka nr. 1, um friðhelgi eignarréttar, þar sem iðnaðarmálagjaldið jafngilti í raun auka skattlagningar sem lögð væri á afmarkaðan hóp ofan á venjulega skattbyrði þeirra, og án skilyrða um að gjaldið væri notað til að tryggja hagsmuni gjaldenda. Þvert á móti væri gjaldið lagt á til eflingar hagsmuna annars afmarkaðs hóps. Í þriðja lagi var í kærinni vísað í 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um bann við mismunun, þar sem það væri ekkert markmið með gjaldinu eða lögmæt ástæða fyrir vali á fyrirtækjum sem tiltekin eru í lista um þau fyrirtæki sem greiða gjaldið.

Þann 12. desember 2008 féllst dómstóllinn á að málið yrði tekið til meðferðar fyrir dómnum með þeim orðum að hann teldi, að kæran fæli í sér alvarleg álitafæni samkvæmt Mannréttinda-sáttmála Evrópu. Það verður formlega tekið fyrir þann 9.

Ólafsson gegn
Íslandi

*Iðnaðarmálagjald –
andstætt
Mannréttindasátt-
mála Evrópu?*

Bréf ríkisskattstjóra
S – nr. 001/2009
dags. 3. febrúar
2009

*Þrengdar heimildir
lögaðila til að draga
arðgreiðslur frá
tekjum – túlkun á
lögum*

Lög nr. 167/2008

*Frestun gjalddaga í
tollu vegna
virðisaukaskatts
fram að uppgjöri
virðisaukaskatts-
skila*

mars 2009.

Arðgreiðslur og frádráttur frá tekjum

Túlkun ríkisskattstjóra á 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga

Samkvæmt 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga er lögaðilum heimilt að draga fenginn arð af hlutum og hlutabréfum frá tekjum sínum. Með 4. gr. laga nr. 166/2007 var afmörkuð frádráttarheimild við arð samkvæmt XII. kafla hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga og í athugasemdum með frumvarpi laganna segir að frádráttarheimildin taki ekki til dulinna arðgreiðslna, aðeins löglega úthlutaðs arðs. Vafi leikur hins vegar á hvort með löglega úthlutaðum arði sé átt við arð í rýmri merkingu í samræmi við 11. gr. tekjuskattslaga, þ.e. venjulegan arð sem og aðrar úthlutanir til hluthafa á borð við úthlutun við félagsslit sem er umfram kaupverð bréfanna og lækkun hlutafjár sem greidd er til hluthafa umfram kaupverð.

Ríkisskattstjóri segir í bréfi sínu nr. 001/2009 í kjölfar fyrirspurnar sem barst embættinu um túlkun á ákvæði 9. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga að hann teldi með tilliti til almennra lögskýringarsjónarmiða að skýra bæri ákvæðið á þann veg að það næði einungis til arðsúthlutunar samkvæmt XII. kafla hlutafélagalaga. Ekki væri því unnt að nýta frádráttarheimildina varðandi aðrar úthlutanir í samræmi við 11. gr. tekjuskattslaga.

Frestun gjalddaga virðisaukaskatts

Breytingar á tollalögum o.fl.

Með lögnum var brugðist við athugasemdum frá eftirlitsstofnun EFTA (ESA), umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun.

Í lögnum er í fyrsta lagi ákvæði í 1. gr. um afmörkun heimilda ferðamanna og farmanna til innflutnings á varningi, þ.m.t. áfengi og tóbaki, Hingað til hafa umræddar heimildir verið birtar í reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

Í öðru lagi eru þar í 2. gr. ákvæði um að heimild til tímabundins innflutnings bifreiða nái jafnframt til nýrra og óskráðra bifreiða sem fluttar eru inn frá öðru EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrirtækjum, sem eru staðsett í sömu ríkjum, verður heimilt að flytja tímabundið inn bifreiðar fyrir starfsfólk þeirra hér á landi, óháð búsetu þess, vegna sérstakra verkefna. Heimildin er bundin tilteknum skilyrðum um notkun þeirra hér á landi og erlendis á tilteknu tímabili.

Í þriðja lagi er í lögnum ákvæði í 3. gr. um að ferðamenn og farmenn skuli ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur 10.000 evrum í stað 15.000 evra eins og áður var. Ferðamenn þurfa jafnframt að gera skriflega grein fyrir öllum þeim

varningi sem þeir hafa meðferðis til landsins.

Skv. 6. gr. laganna, sem kemur til viðbótar í 122. gr. tollalaga, er nú heimilt að fresta gjalddaga á greiðslufresti í tolli vegna virðisaukaskatts fram að uppgjöri almennra virðisaukaskattsskila þegar aðilinn sem um ræðir er að jafnaði með hærri innskatt en útskatt.

[Home](#) | [Security](#) | [Legal](#) | [Privacy](#)

Smáratorgi 3
201 Kópavogur

Iceland

© 2009 Deloitte Touche Tohmatsu.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu and its member firms.